

Mál nr. 213/2008

M og

Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A og

Vátryggingafélagið V-2 v R

Umferðaróhapp þegar bifreiða ók ofan í holu við bifreiðastæði þ.30.11.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.10.2008. ásamt útboðsbögnum og ljósmyndum
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 548/08
3. Lögregluskýrsla dags. 2.12.2007.
4. Bréf V-1 dags. 31.10.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-9
5. Bréf V-2 dags. 12.11.2008.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni ofan í holu á bifreiðastæði í mikilli snjókomu og var mikill snjór en engin viðvörðunarkerki voru við holuna. Sjáanlegar skemmdir á bifreið M vour á stigbretti á vinstri hlið. M segir að hann hafi talið öruggt að aka þarna og ekið á um 20 km. hraða. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 og R hjá V-2. Bæði vátryggingafélögin hafna bótaskyldu. V-1 telur tjónið ekki verða rakið til saknæmrar og ólögðmætrar starfsemi A eða starfsmanna þess fyrirtækis, sem hafi hvorki borið ábyrgð á svæðinu er atvikið átti sér stað né staðið að framkvæmdum í tengslum við umrædda holu. V-2 hafnar einnig bótaskyldu og segir að R sem verkkaupi geti ekki borið ábyrgð á þeim þáttum sem ólokið hafi verið á verksvæðinu heldur hljóti það að vera á ábyrgð verktaka að ganga frá svæðinu með viðunandi hætti. Þá liggi ekki fyrir að R hafi verið kunnugt um umrædda holu.

Álit.

Í málinu hafa verið lögð fram margvísleg gögn sem engu máli skipta fyrir það álitaefni sem hér ræðir um. Auk þess hefði verið æskilegt að málskotið hefði verið betur unnið. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður hvorki lögð bótaskylda á A eða R þar sem hvorki hefur verið sýnt fram á sök þeirra aðila né sýnt fram á að þeir annar eða báðir hafi haft með þá holu sem hér ræðir um að gera eða borið skylda til að ganga frá varúðarmerkingum og/eða fylla upp í holuna. Af þeim sökum verður ekki lögð sök á ofangreinda aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 eða úr ábyrgðartryggingu R hjá V-2

Reykjavík 25.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.